

Nd.

100. Frumvarp til laga

[91. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason, Benedikt Gröndal,
Eyjólfur Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist nýr stafliður, er hljóði svo:

I. Tekjur verkafólks í fiskiðnaði fyrir nætur- og helgidagavinnu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1974.

Greinargerð.

Fiskveiðar og fiskvinnsla eru undirstöðuatvinnugreinar þjóðarbúsins. Á þessum atvinnugreinum byggist afkoma þjóðarbúsins. Þessi störf eru erfið, áhættusöm og oft unnin við aðstæður, sem eru að mörgu leyti lakari en búnar eru starfsfólki í öðrum atvinnugreinum.

Verkafólk í fiskiðnaði býr jöfnum höndum við minna atvinnuöryggi en starfsfólk í flestum öðrum atvinnugreinum — þótt verulega hafi áunnist til bóta í þeim efnum með samningum aðila vinnumarkaðarins á s. l. vetri um kauptryggingu í áföngum — og meira vinnuálag, einkum á ákveðnum árstímum, en hollt getur talist. Í mörgum verstöðvum ríkir árstíðabundinn skortur á vinnuafli við fiskvinnslustörf, þannig að vinnuálagið á því fólki, sem við fiskvinnu starfar, keyrir úr hófi fram. Þarf þá að leggja nótt við dag til þess að bjarga verðmætum sjávarafla og er oft á tíðum unnið jafnt helga daga sem virka um langa hríð. Einkum og sér í lagi á þetta sér stað í smærri kaupstöðum við sjávarsíðuna og sjávarþorpum. Kvartar verkafólkið á þessum stöðum undan hinu gífurlega vinnuálagi, en gengst þó undir það af tveimur meginástæðum — í fyrsta lagi vegna þess, að fiskvinnslustörfin eru meðal lægst launuðu starfa í þjóðfélaginu og verkafólkið í þeirri atvinnugrein þarf á öllu sínu að halda til þess að hafa í sig og á, og í öðru lagi vegna þess viðhorfs, sem er ríkjandi í verstöðvum landsins, að verðmætum sjávarafla verði að bjarga frá skemmdum svo að þjóðarbúið geti til fulls notið ávaxtanna af vinnslu auðlinda hafsins.

Flutningsmenn þessa frv. telja, að þjóðarbúið hafi ekki metið sem skyldi vinnuframlag þessa fólks og það óhóflega vinnuálag, sem það leggur á sig í þágu þjóðarheildarinnar. Störf þess eru illa launuð og hið opinbera — ríki og sveitarfélög — tekur til sín í opinber gjöld verulegan hluta þeirra viðbótarlauna, sem þetta verkafólk fær vegna mikillar og óæskilegrar — en oftast óumflýjanlegrar — nætur- og helgidagavinnu. Flutningsmenn telja hæði réttlátt og sanngjarnt að þessu sé breytt á þann veg, að verkafólk í fiskiðnaði verði undanþegið tekjuskatti fyrir nætur- og helgidagavinnu. Slík breyting mundi ekki rýra tekjur ríkissjóðs að neinu marki, en yrði í senn til þess að gera fiskvinnslustörfin eftirsóknarverðari en þau eru nú, — þá væntanlega draga eitthvað úr vinnuafllsskortri þar og minnka óhóflegt vinnuálag, — og að bæta nokkuð kjör þessa láglaunafólks, sem með vinnu sinni á einn drýgsta þáttinn í því að standa undir rekstri þjóðarbúsins.

Þá vilja flm. benda á, að nú liggur fyrir Alþingi frv. til laga á þskj. 79 um að undanþiggja tekjuskatti tekjur sjómanna af bolfiskveiðum á bátafлотanum, og telja eðlilegt, að slíkri breytingu fylgi einnig sambærilegar ráðstafanir varðandi það verkafólk í tengslum við sjávarútveginn, sem stundar störf sín í landi. Því markmiði væri náð með samþykkt þessa frv.